

KRFÍ 100 ára.

Kvenréttindafélagið og Mæðrastyrksnefndin

Talið er merki þróttar þrátt
það að vera sonur,
en landið hefur löngum átt
líka sterkar konur.

(Ólína Andrésdóttir)

Í bók sinni „Veröld sem ég vil“ segir Sigríður Erlendsdóttir, sagnfræðingur, frá því að aðdragandinn að stofnun Mæðrastyrksnefndarinnar hafi verið bæði langur og viðburðaríkur.

Kvenréttindafélag Íslands hafði árum saman unnið að málefnum einstæðra mæðra og barna þeirra.

Afrakstur þeirrar vinnu var m.a. sá að árið 1921 samþykkti Alþingi lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Með þeim lögum fékk móðir óskilgetins barns töluverðar réttarbætur, því að nú skyldi meðlag með óskilgetnum börnum greiðast af opinberu fé, hvort sem faðirinn endurgreiddi það eða ekki. Skilyrðið var að meðlagsúrskurður lægi fyrir.

Með lögum þessum fengu óskilgetin börn erfðarétt eftir föður og föðurfrændur. Ísland var með fyrstu löndum sem setti lög af þessu tagi. Svíar gerðu það til að mynda ekki fyrr en 50 árum síðar.

Ekkjur og fráskildar konur áttu, þegar hér var komið sögu, engan rétt á hjálp af opinberu fé nema sveitarstyrk.

Hinn 27. febrúar 1928 varð hörmulegt sjóslys þegar togarinn Jón forseti strandaði út af Stafnesi. 15 skipverjar drukknuðu en 10 komust af. Við þetta varð hugur almennings harmi sleginn og opinn fyrir því að koma ekkjum og föðurlausum börnum til hjálpar.

KRFÍ samþykkti á fundi sínum hinn 15. apríl sama ár (þ.e. 1928) að bjóða stjórnnum annarra kvenfélaga í Rvík á fund til að ræða möguleika á samvinnu um að koma í framkvæmd hugmyndum um almenna ekknastyrki.

Hinn 20. apríl mættu 22 fulltrúar frá 10 félögum á fund að Kirkjutorgi 4 í Rvík ásamt Ingibjörgu H. Bjarnason, alþingiskonu. Þar var samþykkt að koma því leiðar innan félaganna að hvert þeirra kysi einn fulltrúa í sameiginlega nefnd sem skyldi vinna með KRFÍ að þessu máli. Eftirtalin kvenfélög stóðu að stofnun nefndarinnar:

Kvenréttindafélag Íslands
Bandalag kvenna
Félag ísl. hjúkrunarkvenna
Hvítabandið, eldri deild
Hvítabandið, yngri deild
Hið ísl. kvenfélag
Kvenfélagið Hringurinn
Thorvaldsensfélagið og
Verkakvennafélagið Framsókn.

Auk þeirra bættust við fulltrúar frá
Barnavinafélagsinu Sumargjöf og
Hjúkrunarfélaginu Líkn.

Framkvæmdanefnd var kosin. Í henni áttu sæti
Laufey Valdimarsdóttir, formaður, Aðalbjörg Sigurðardóttir,
Guðrún Lárusdóttir, Inga Lára Lárusdóttir og Laufey Vilhjálmsdóttir.

Skv. skipulagi nefndarinnar var Stjórn Kvenréttindafélagsins
sjálfkjörin í nefndina, sem hlaut nafnið Mæðrastyrksnefnd.
Stofndagur nefndarinnar var 20. apríl 1928.

Fyrstu 11 árin, þ.e. frá stofnun 1928 til 1939, var Mæðrastyrks-
nefndin að mestu á vegum KRFÍ. Allan þann tíma voru málefni
nefndarinnar aðalviðfangsefni KRFÍ.

Árið 1939 var nefndin endurskipulögð og gerð að sjálfstæðri
stofnun. Saga nefndarinnar er m.a. saga um baráttu fyrir réttlátri og
mannúðlegri Félagsmálalöggjöf. Enginn efi er á því að starf nefndarinnar
hefur haft mikil áhrif, jafnt á almenningssálitið sem og löggjöf og
framkvæmd laganna.

Engum er gert rangt til þótt því sé bætt við að óhvikul stefna nefndarinnar og vakandi barátta hafi fyrst og fremst verið Laufeyju Valdimarsdóttur að þakka. Hún var formaður frá stofnun nefndarinnar 1928 til dauðadags árið 1945.

Þegar Mæðrastyrksnefnd var endurskipulögð og gerð að sjálfstæðri stofnun árið 1939 settu Bæjaryfirvöld í Reykjavík það skilyrði fyrir fjárstyrk, að öllum kvenfélögum í bænum væri gefinn kostur á að eiga fulltrúa í nefndinni, þar meðtalin hin pólitísku kvenfélög.

Nefndin hefur aðsetur í Hátúni 12 b, en þar er opið alla miðvikudaga frá kl. 14-17.

Aðild að Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkureiga sjö kvenfélög:
Kvenréttindafélag Íslands, Hvítabandið, Thorvaldsensfélagið,
Kvenstúdentafélagið, Hvöt, félag sjálfstæðiskvenna,
Félag Alþýðuflokkskvenna og Félag Framsóknarkvenna.

Starfsemin hefur breyst og er það tímanna tákn. Nú leita til nefndarinnar eftir aðstoð bæði konur og karlar, ungir og aldnir, Íslendingar og útlendingar, svokallaðir nýbúar.

Á síðustu árum hefur veruleg fjölgun átt sér stað í hópi þeirra sem leita aðstoðar nefndarinnar, og er það áhyggjuefni.

Ragnhildur G. Guðmundsdóttir,
formaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur.

Baráttan heldur áfram og enn er á brattann að sækja.

Fyrir 1000 árum kastaði Auður, kona Gísla Súrssonar, silfursjóðnum í andlit Eyjólfss, og sagði honum að hirða sjálfur sitt mútufé.

Í kvæði sem Ólína Andrésdóttir orti til Kvenréttindafélagsins og birtist 1924 í Ljóðmælum, vísar hún í þennan atburð og segir:

Barðist fyrir frelsi hraust,
Frónskur man það lýður,
Auður, sem að Eyjólf laust,
Ennþá höggið svíður.

Þótt ljóstið ei nú með silfursjóð
samt mun undan brenna,
ennþá hygg ég Auðar blóð
í Íslands dætrum renna.

Þið hafið tekið það í arf,
þennan hring að mynda,
þökk fyrir ykkar strit og starf,
stoðir kvenréttinda.

Og lokaerindin hljóða þannig:

Ef ég nokkurs óska má,
Eins og skynsöm kona,
Þegar ég þetta minnst á,
Þá er bænin svona:

Þótt mæðu kosti margfalda,
Og máské heila ævi,
Að alla gráa Eyjúlf
Ykkar skeyti hæfi.

(Ólína Andrésdóttir)

